

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2004/EES/9/06

frá 18. febrúar 2002

um staðlað snið fyrir gerð yfirlits yfir innlend gögn um gæði eldsneytis (*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 508)

(2002/159/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins
98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og
díseleldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins
93/12/EBE⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríkin skulu vakta gæði bensíns og díseleldsneytis sem er sett á markað á yfirráðasvæði þeirra til að tryggja að þau samræmist umhverfisforskriftunum í tilskipun 98/70/EB og til að tryggja að þær ráðstafanir sem ætlað er að draga úr mengun andrúmslofts af völdum ökutækja skili árangri.
- 2) Nauðsynlegt er að koma á stöðluðu skýrslusniði til að leggja fram upplýsingar um vöktun eldsneytisgæða í samræmi við 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 98/70/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari ákvörðun er kveðið á um staðlað snið til að leggja fram innlend gögn um gæði eldsneytis í samræmi við 8. gr. tilskipunar 98/70/EB.

2. gr.

Aðildarríkin skulu nota sniðið sem sett er fram í viðaukanum þegar þau leggja gögn fyrir framkvæmdastjórnina.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 53, 23.2.2002, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2002 frá 8. nóvember 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 4, 23.1.2003, bls. 7.

(¹) Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

VIÐAUKI

UM STADLAÐ SNIÐ FYRIR GERÐ YFIRLITS YFIR INNLEND GÖGN UM GÆÐI ELDSNEYTIS

1. INNGANGUR

Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og díseldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/71/EB ⁽²⁾, er kveðið á um umhverfisstærðir fyrir allt bensín og díseldsneyti sem er sett á markað í Evrópusambandinu. Þessar forskriftir eru í I. til IV. viðauka við tilskipunina. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. er aðildarríkjunum skylt að ganga stöðugt úr skugga um að eldsneyti uppfylli gæðaforskriftir með tilliti til þeirra efnagreiningaraðferða sem um getur í tilskipuninni. Eigi síðar en 30. júní ár hvert skulu aðildarríkin leggja fram samantekt á vöktunargögnum um gæði eldsneytis sem aflað var á tímabilinu frá janúar til desember á undangengnu almanaksári. Leggja skal fyrstu skýrsluna fram eigi síðar en 30. júní 2002. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur útbúið meðfylgjandi skýrslugjafarsnið í samræmi við 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 98/70/EB og í samræmi við þessa ákvörðun.

2. UPPLÝSINGAR UM ÞÁ SEM TAKA SAMAN SKÝRSLUNA UM VÖKTUN ELDSNEYTISGÆÐA

Yfirvöld, sem bera ábyrgð á samantekt skýrslunnar um vöktun eldsneytisgæða, eru beðin um að fylla út töfluna hér fyrir aftan.

Skýrsluár	
Land	
Dagsetning þegar lokið er við skýrsluna	
Stofnun sem ber ábyrgð á skýrslunni	
Heimilisfang stofnunarinnar	
Einstaklingur sem ber ábyrgð á skýrslunni	
Símanúmer	
Netfang	

3. SKILGREININGAR OG SKÝRINGAR

Viðmiðunargæði eldsneytis: Í tilskipun 98/70/EB er kveðið á um umhverfisstærðir fyrir bensín og díseldsneyti sem er markaðssett í ESB. Líta má á forskriftirnar í tilskipuninni sem „viðmiðunargæði“ eldsneytis. Þær taka til i) venjulegs, blýlauss bensíns (RON > 91), ii) blýlauss bensíns (RON > 95) og iii) díseldsneytis.

Innlend gæði eldsneytis: Aðildarríkjunum er að sjálfsgöðu frjálst að skilgreina „innlend“ gæði eldsneytis en sú skilgreining verður hins vegar að samræmast þeim forskriftum sem settar eru um viðmiðunargæði eldsneytis. Innlend gæði eldsneytis geta t.d. átt við um blýlaust háoktanbensín (RON > 98), bensín með staðgönguefni fyrir blý, brennisteinsfrítt bensín, bensín með mest 50 milljónarhluta brennisteins, brennisteinsfrítt díseldsneyti og díseldsneyti með mest 50 milljónarhluta brennisteins.

Brennisteinsfrítt eldsneyti er bensín og díseldsneyti sem inniheldur minna af brennisteini en 10 mg/kg (milljónarhluta).

4. LÝSING Á VÖKTUNARKERFI FYRIR GÆÐI ELDSNEYTIS

Aðildarríkin skulu leggja fram lýsingu á því hvernig innlenda vöktunarkerfið fyrir eldsneytisgæði verkar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 287, 14.11.2000, bls. 46.

5. HEILDARSALA Á BENSÍNI OG DÍSILELDSNEYTI

Aðildarríkin eru beðin um að fylla út eftirfarandi töflu með nákvæmum upplýsingum um magn hversrar tegundar bensíns og díseldsneytis sem er sett á markað á yfirráðasvæði þeirra.

Eldsneytisgæði	Heildarsala innanlands (lítar/tonn)
Venjulegt, blýlaust bensín (a.m.k. RON = 91) ⁽¹⁾	
Blýlaust bensín (a.m.k. RON = 95) ⁽¹⁾	
Blýlaust bensín (a.m.k. RON = 95 og minna en 50 milljónarhlutar brennisteins) ⁽²⁾	
Brennisteinsfrítt, blýlaust bensín (minna en 10 milljónarhlutar brennisteins) ⁽³⁾	
Blýlaust bensín (95 ≤ RON < 98)	
Blýlaust bensín (RON ≥ 98)	
Díseldsneyti ⁽⁴⁾	
Díseldsneyti (minna en 50 milljónarhlutar brennisteins) ⁽⁵⁾	
Díseldsneyti (minna en 10 milljónarhlutar brennisteins) ⁽⁶⁾	

⁽¹⁾ Eins og tilgreint er í I. viðauka tilskipunar 98/70/EB.

⁽²⁾ Eins og tilgreint er í III. viðauka tilskipunar 98/70/EB.

⁽³⁾ Eins og tilgreint er í III. viðauka tilskipunar 98/70/EB, en brennisteinsinnihald verður þó að vera minna en 10 milljónarhlutar.

⁽⁴⁾ Eins og tilgreint er í II. viðauka tilskipunar 98/70/EB.

⁽⁵⁾ Eins og tilgreint er í IV. viðauka tilskipunar 98/70/EB.

⁽⁶⁾ Eins og tilgreint er í IV. viðauka tilskipunar 98/70/EB, en brennisteinsinnihald verður þó að vera minna en 10 milljónarhlutar.

6. FRAMBOÐ BRENNISTEINSFRÍS ELDSNEYTIS Í LANDFRÆÐILEGU TILLITI

Aðildarríkin eru beðin um að leggja fram lýsingu á því hversu víða (þ.e. á hvaða stöðum á landinu) brennisteinsfrítt eldsneyti er fánlegt á yfirráðasvæði þeirra.

Stutt lýsing á því hversu víða, í landfræðilegu tilliti, brennisteinsfrítt bensín og díseldsneyti er á markaði á yfirráðasvæði aðildarríkis.
--

7. SKILGREINING Á SUMARTÍMABILI MEÐ TILLITI TIL ROKGJARNRA EFNA Í BENSÍNI

Í tilskipun 98/70/EB er sett fram krafa um að gufuþrýstingur bensíns sé minni en 60,0 kPa á sumartímabilinu sem stendur frá 1. maí til 30. september. Í þeim aðildarríkjum þar sem heimskaualoftslag ríkir skal sumartímabilið hins vegar standa frá 1. júní til 31. ágúst og gufuþrýstingurinn má ekki fara yfir 70 kPa. Aðildarríkin eru beðin um að skilgreina sumartímabilið eins og því er hagað á yfirráðasvæði þeirra.

Sumartímabil (skilgreint m.t.t. rokgjarnra efna í bensíni)	
---	--

8. SKÝRSLUGJAFARSNID FYRIR BENSÍN

Aðildarríkin skulu leggja fram yfirlitsskýrslu um vöktunargögn fyrir gæði bensíns (bæði að því er varðar innlend gæði og viðmiðunargæði) sem þau hafa aflað á tilteknu almanaksári (janúar til desember). Í I. viðbæti er yfirlitstafla sem nota skal við skýrslugjöfina. Prófunaraðferðir skulu vera þær sem eru í EN228: útgáfa frá 2000 eða síðar, eftir því sem við á.

9. SKÝRSLUGJAFARSNID FYRIR DÍSILELDSNEYTI

Aðildarríkin skulu leggja fram yfirlitsskýrslu um vöktunargögn fyrir gæði díseldsneytis (bæði að því er varðar innlend gæði og viðmiðunargæði) sem þau hafa aflað á tilteknu almanaksári (janúar til desember). Í II. viðbæti er yfirlitstafla sem nota skal við skýrslugjöfina. Prófunaraðferðir skulu vera þær sem eru í EN590: útgáfa frá 2000 eða síðar, eftir því sem við á.

10. Framlagning vöktunarskýrslu um gæði eldsneytis

Vöktunarskýrsluna um gæði eldsneytis skal senda til:

The Secretary General
The European Commission
Rue de la Loi/Wetstraat 200
B - 1049 Brussels.

Auk þess skal senda skýrsluna á rafrænu formi á eftirfarandi tölvupóstfang: env-report-98-70@cec.eu.int

I. viðbætur

Eldsneyti á markaði sem er notað á ökutæki með neistakveikjuhreyflum (bensín)

Land
Skýrsluár
Viðmiðunargæði eða innlend gæði eldsneytis

Færibreyta	Eining	Niðurstöður efnagreininga og tölfraeðilegar niðurstöður						Viðmiðunargildi (°)		
		Fjöldi sýna	Lágmark	Hámark	Meðaltal	Staðalfrávik	Lágmark	Hámark	Innlend forskrift, ef við á	Samkvæmt 98/70/EB
Prófunaroktantala	—								95	—
Hreyfilsoktantala	—								85	—
Gufubrýstingur, DVPE	kPa								—	60,0
Eiming:										
— uppgufun við 100 °C	% (v/v)								46,0	—
— uppgufun við 150 °C	% (v/v)								75,0	—
Vetniskolefnisgreining:										
— alken (ólefn)	% (v/v)									18,0
— arómatísk efni	% (v/v)									42,0
— bensen	% (v/v)									1,0
Súrefnisinnihald	% (m/m)								—	2,7
Súrefnissambönd:										
— Metanól	% (v/v)									3
— Etanól	% (v/v)									5
— Ísóprópýlalkóhól	% (v/v)									10
— Tertbútýlalkóhól	% (v/v)									7
— Ísobútýlalkóhól	% (v/v)									10
— Eitrar með fimm eða fleiri kolefnissameindum	% (v/v)									15
— önnur súrefnissambönd	% (v/v)									10
Brennisteinsinnihald	mg/kg									150
Blýinnihald	g/l									0,005

(°) Viðmiðunargildin eru „raungildi“ og eru ákvörðuð samkvæmt málsmæðferð um viðmiðunargildi í EN ISO 4259:1995. Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum samkvæmt viðmiðunum sem lýst er í EN ISO 4259:1995.

Fjöldi sýna á mánuði						Heildarmagn	
Janúar		Apríl		Júlí		Október	
Febrúar		Maí		Ágúst		Nóvember	
Mars		Júní		September		Desember	

II. viðbætur

Eldsneyti á markaði sem er notað á ökutæki með þjöppunarkveikjuhreyflum (dísileldsneyti)

Land	
Skýrsluár	
Viðmiðunargæði eða innlend gæði eldsneytis	

Færilbreyta	Eining	Niðurstöður efnagreininga og tölfraðilegar niðurstöður						Viðmiðunargildi (°)		
		Niðurstöður efnagreininga og tölfraðilegar niðurstöður						Viðmiðunargildi (°)		
		Fjöldi sýna	Lágmark	Hámark	Meðaltal	Staðalfrávik	Lágmark	Hámark	Innlendar forskriftir	Skv. 98/70/EB
Setantala	—									
Eðlismassi við 15 °C	kg/m ³									845
Eining — 95% mark	°C									360
Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni	% (m/m)									11
Brennisteinsinnihald	mg/kg									350

(°) Viðmiðunargildin eru „raungildi“ og eru ákvörðuð samkvæmt málsmæðferð um viðmiðunargildi í EN ISO 4259:1995. Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum samkvæmt viðmiðunum sem lýst er í EN ISO 4259:1995.

Fjöldi sýna á mánuði	
Janúar	Júlí
Febrúar	Ágúst
Mars	September
Apríl	Október
Mái	Nóvember
Júní	Desember
Alls	